



# ÞAR ER LEIKUR AÐ LÆRA - ÍSLENSKU

AÐ KOMA TIL MÓTS VIÐ NEMENDUR AF ERLENDUM UPPRUNA



**ÞAR ER LEIKUR AÐ LÆRA - ÍSLENSKU**  
**að koma til móts við nemendur af erlendum uppruna**

**Verkefnisstjóri:** Iris Rún Andersen,  
sérkennslustjóri á Iðavelli

**Samstarfsaðili:** Miðstöð skólaþróunar við  
Háskólann á Akureyri

**Númer samnings:** UMS-154



**Leikskólinn Iðavöllur**  
v/ Gránufélagsgötu  
600 Akureyri

462-3849

[idavollur@akureyri.is](mailto:idavollur@akureyri.is)

**Miðstöð skólaþróunar**  
Sólborg við Norðurslóð  
600 Akureyri

460-8590

[msha@msha.is](mailto:msha@msha.is)

## Markmið þróunarverkefnisins:

- Að styðja markvisst við íslenskunám barna af erlendum uppruna með því að efla orðaforða þeirra, tjáningu og skilning ásamt félagsþroska með tilliti til menningarlegs margbreytileika.
- Að tvítyngd börn upplifi sig sem hluta af barnahópnum og verði á allan hátt auðveldað að eiga í fjölbreyttum tjáskiptum hvort sem er í skóla eða heima fyrir.
- Að auka færni starfsfólks í að koma til móts við nemendur af erlendum uppruna.

## Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

### Haustönn 2016

Á haustönn 2016 var lögð áhersla á að kortleggja stöðuna í leikskólanum, meta fræðsluþörf og bjóða starfsfólki upp á fræðslu um tvítyngi, máltöku og málörvun barna á leikskólaaldri. Unnið var eftir hugmyndafræði lærdómssamfélagsins þar sem lögð er áhersla á fræðslu, samræður, samvinnu, eftirfylgd og þátttöku allra sem starfa í leikskólanum.

### Í vinnustofum með starfsfólki voru eftirtalin atriði tekin fyrir:

- Mat á málörvun á deildum. Farið yfir kennsluefni og kennsluaðferðir, starfið skoðað út frá læsisstefnu sveitarfélagsins sem og Aðalnámskrá leikskóla. Rýnt í hvernig málörvun fléttast inn í allt daglegt starf og hvernig unnið er með málið á markvissan hátt í hópavinnu. Styrk- og veikleikar í starfinu ígrundaðir og rætt hvernig hægt væri að gera betur.
- Mat á vinnu með tvítyngd börn. Deildarvinna, farið var yfir dagskipulag, dagleg samskipti starfsfólks og barna, kennsluaðferðir og kennslugögn og skoðað hvar tækifæri gefast til að bæta starfið með tilliti til tvítyngdra barna.
- Mat á fræðsluþörf. Starfsfólk kannaði hvaða fræðslu væri brýnast að fá inn í leikskólann á grunni þeirra upplýsinga sem höfðu safnast. Allir fengu tækifæri til að hafa áhrif og koma með hugmyndir.

### Vorönn 2017

Á vorönn 2017 voru þróaðar leiðir til að vinna með tvítyngdu börnunum, byggt var á niðurstöðum rannsókna um hvaða þættir skipta máli þegar unnið er með málþroska, orðaforða og nám tvítyngdra. Einnig var hugmyndafræðin um snemmtæka íhlutun, skóla fyrir alla og hugmyndir menningarlegs margbreytileika skoðaðar í þessu samhengi.



Börnin fengu auka málörvunartíma þar sem lögð var áhersla á lestur, fjölbreytta málörvun í gegnum leiki og vinnu með orðaforða. Unnið var sérstaklega með orðaforða í gegnum þemu sem ná yfir þann grunnorðaforða sem nýtist leikskólabörnum í daglegu lífi. Þemun voru útfærð á margvíslegan hátt og leitast við að kenna í gegnum leik, daglegt spjall og verkefnavinnu. Snjalltækni var fléttað inn í vinnuna og smáforritið Bitsboard nýtt til að ýta undir skilning og nám.

Starfsfólk fékk fræðslu um málörvun og tvítyngd börn frá talmeinafræðingi sem styrkti faglegt starf enn frekar.

Stuðlað var að nýsköpun í starfinu með því að þróa nýjar leiðir og aðferðir sem efla orðaforða, tjáningu og skilning tvítyngdra barna í gegnum leik.

### Fundur með MSHA

Læsteymi lðavallar og/eða stjórnendur funduðu reglulega með fulltrúum frá Miðstöð skólapróunar. Á þessum fundum veittu fulltrúar MSHA ráðgjöf og stuðning og aðstoðuðu við skipulagningu og mat á verkefninu. Í læsteyminu er fulltrúi frá hverri deild (fjórar deildir) sem hefur það hlutverk að vera tengiliður verkefnisins við starfsfólk á sinni deild og koma áfram upplýsingum um framgang verkefnisins.

## Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Verkefnið gekk samkvæmt áætlun.

## Helstu hindrarnir sem komu upp

Tímaskortur var sú hindrun sem helst setti strik í reikninginn í verkefninu. Það reyndist snúið að finna tíma

fyrir málörvunarstundir tvítyngdu barnanna en með

yfirlegu yfir dagskipulaginu og vilja til að grípa tækifærin sem gefast í dagsins önn náði starfsfólk að yfirstíga þessa hindrun. Það hefði verið gott að hafa meiri tíma fyrir starfsfólk til að undirbúa sig, lesa sér til og ígrunda sem er mikilvægt í allri þróunarvinnu. Í þróunarverkefnum skiptir samvinna miklu máli, það er dýrmætt að geta borið hugmyndir sínar undir aðra og fengið endurgjöf. Einnig er mikilvægt að hafa tíma til að samræma vinnubrögð og sjá til þess að allir séu upplýstir og taki þátt.



## Helstu ávinningar af þróunarverkefninu

Mikil vinna var lögð í að kortleggja hvernig unnið er með málörvun í leikskólanum og ígrunda hvernig gera má betur, þessi vinna nýttist vel fyrir alla í leikskólanum bæði börn og starfsfólk. Það var jákvætt að sjá hversu margt er gert til að örva mál í gegnum daglegt starf og mikilvægt að gera sér grein fyrir gildi daglegra samskipta starfsfólks við börnin.

Mikið var lagt upp úr að velja vönduð námskeið fyrir starfsfólk leikskólans og nýttust þau vel til að skipuleggja málörvun fyrir öll börn þó að áherslan væri mest á tvítyngdu börnin.

Hagnýt verkefni urðu til og hafist var handa við að búa til rafrænt verkefnasafn þar sem orðforði er kenndur í gegnum gagnvirka leiki. Verkefnin eru sett upp í ákveðnum þemum sem unnið er með samhliða í leikskólanum á fjölbreyttan hátt. Þetta verkefnasafn mun koma að góðum notum fyrir starfsfólk og börn en einnig er hægt að nýta það heima fyrir.



Facebook-hópur var stofnaður í kringum verkefnið þar sem allt starfsfólk Iðavallar er meðlimir ásamt samstarfsaðilum MSHA. Þarna gafst tækifæri til að safna saman áhugaverðu efni sem tengist þróunarvinnunni á einn stað sem allir hafa greiðan aðgang að.

Fjölmeningardögum var gert hærra undir höfði en vanalega. Tyllidaganefnd Iðavallar skipulagði þennan þátt leikskólstarfsins og voru fjölmeningardagar tvisvar sinnum í mánuði yfir allt skólaárið, annars vegar allir saman á sal og hins vegar hver hópur inni á sinni deild. Dagarnir urðu mjög fjölbreyttir og misjafnt hvernig hver og ein deild útfærði þessa viðburði. Hugmyndin er að halda áfram að þróa þessa fjölmeningardaga og gera jafnvel enn meira úr þeim í framtíðinni.

## Mat á verkefninu

Mat á verkefninu var þrjúþætt. Í lok vorannar svaraði starfsfólk rafrænum spurningalista um verkefnið, mánaðarlega skilaði hver deild skýrslum til verkefnastjóra og orðaforði tvítyngdu barnanna var metinn reglulega í gegnum vinnu með smáforritinu Bitsboard.



## ÚR INNRA MATI STARFSMANNA

„flott verkefni og gaman að taka þátt í því“

„skemmtilegt og þarft verkefni, hlakka til að fá foreldrana meira inn“

„ég er ánægð með starf vetrarins varðandi verkefnið, ég lærði margt nýtt“

„mjög ánægð með verkefnið. Það hefur hvatt starfsfólk til að sinna tvítyngdum börnum enn betur en hefur verið gert hingað til“

„fróðlegt og skemmtilegt.“

„eftir verkefnið hefur þekking starfsmanna aukist og fólk er meðvitaðra um með hvaða hætti er hentugast að koma vinnunni að í daglegu starfi“

„held að við séum búin að finna starfshætti sem henta okkur ágætlega“

„reyndist vel að hafa verkefnið yfir allan skólann“

## Áhrif verkefnisins á skólastarfið

Verkefnið hefur haft jákvæð áhrif á skólastarfið, starfsfólk hefur yfirgripsmeiri þekkingu á tvítýngi en áður og er betur í stakk búið að mæta börnum sem eru að læra fleiri en eitt tungumál. Tvítýngd börn fá nú meiri einstaklingsmiðun í sínu námi og er þeim mætt þar sem þau eru stödd með auknum stuðningi bæði í litlum hópum og maður á mann. Starfsfólk hefur fengið fjölbreytta fræðslu og hefur hún skilað sér í nýsköpun í vinnubrögðum, m.a. í notkun upplýsingatækni til námsefnisgerðar og kennslu.

## Niðurstöður verkefnisins:

Vel gekk að vinna að markmiðum verkefnisins. Unnið var eftir hugmyndafræði lærdómssamfélagsins þ.e. að allt starfsfólk taki þátt og eigi hlutdeild í verkefninu. Vel gekk að virkja starfsfólk og lögðu allir hönd á plóg í verkefninu. Mikil áhersla var lögð á að byggja ákveðinn grunn í starfsmannahópnum með fræðslu, samræðu, ígrundun, eftirfylgd og símati. Sú vinna skilaði sér þegar kom að því að þróa nýjar vinnuaðferðir og prófa þær með börnunum. Deildirnar fengu nokkuð frjálsar hendur um hvernig þær útfærðu vinnuna og skiluðu mánaðarlegum skýrslum til verkefnastjóra. Á öllum deildum fengu tvítýngdu börnin aukinn tíma með starfsfólki þar sem unnið var bæði maður á mann og í litlum hópum. Auk þess fóru öll tvítýngd börn a.m.k. einu sinni í viku til sérkennslustjóra í málörvun. Lagt var upp með að þessir tímar væru gæðastundir sem byggðu á leik og skemmtilegum

## ÚR INNRA MATI STARFSMANNA

80% starfsmanna telja sig hafa tekið virkan þátt í þróunarverkefninu

90% starfsmanna telja sig hafa bætt við þekkingu sína í vetur

75% starfsmanna eru öruggari en áður í starfi sínu með tvítýngdum börnum

Allir starfsmenn eru sammála um að markviss vinna með tvítýngdum börnum hafi aukist eftir að þróunarstarfið hófst

Allir starfsmenn eru sammála um að verkefnið hafi haft jákvæð áhrif á skólastarfið og hafa áhuga á að halda þróunarstarfinu áfram næsta vetur með aukinni áherslu á samstarf við foreldra

verkefnum. Málörvun var einnig aukin í daglegu starfi þar sem m.a. var unnið með orðabætur á fjölbreyttan hátt í gegnum spjall, bókalestur og leik.

Verkefnið mun halda áfram að þróast í leikskólanum og munum við bæta við fleiri orðabætur á næsta skólaári og halda áfram vinnu við rafrænt verkefnasafn í Bitsboard. Miðstöð skólaþróunar hefur hlotið styrk frá Þróunarsjóði námsgagna til að halda áfram að þróa námsefni byggt á orðabæturum og gefa það út í samstarfi við leikskólann Iðavöll. Iðavöllur fékk einnig styrk frá Sprotasjóði til áframhaldandi þróunarvinnu og nú með foreldrasamstarf og tvítýngi í forgrunni, þar sem m.a. eru hugmyndir um að búa til móttökuáætlun fyrir erlend börn og foreldra þeirra og handbók leikskólans á erlendu tungumáli. Sú vinna hefst í ágúst 2017.




## **Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum**

Áætlað er að vinna rafræna handbók og kennsluleiðbeiningar fyrir aðra skóla þegar meiri reynsla er komin á aðferðirnar sem eru í stöðugri þróun.

Búið er að vinna rafrænt námsefni sem miðar að því að efla grunnorðaforða leikskólabarna. Efnið er aðgengilegt fyrir alla í gegnum smáforritið Bitsboard.

Verkefnið var kynnt á ráðstefnu um innflytjendamál á Akureyri í apríl 2017. Einnig kynnti starfsmaður Iðavallar verkefnið í föstudagsþætti sjónvarpsstöðvarinnar N4 í apríl 2017. Fleiri kynningar eru fyrirhugaðar m.a. á sameiginlegum námsdegi leikskólanna á Akureyri í október 2017.





19. maí 2017

Iris Rún Andersen, verkefnastjóri  
Kristlaug Þórhildur Svavarsdóttir, leikskólastjóri  
Íris Hrönn Kristinsdóttir, MSHA